



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Sæborg

Starfsáætlun 2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	2
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	5
3 Innra mat deilda	9
3.1 Greinargerð deildarstjóra á Suðurhlíð veturinn 2020-2021	9
3.2 Greinargerð deildarstjóra Garða veturinn 2020-2021.....	12
3.3 Greinargerð deildarstjóra Lambhóls veturinn 2020-2021	13
3.4 Greinargerð deildarstjóra Brúarenda	15
4 Innra mat sérkennslu.....	18
5 Innra mat – fjöltyngd börn	20
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla	22
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	22
8 Foreldrasamvinna.....	22
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	22
10 Fylgigögn	23
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	23

Leiðarljós leikskólans

Í öllu starfinu er litið á barnið sem sterkan og skapandi einstakling sem hefur mikið fram að færa.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið gekk að mestu vel þrátt fyrir að ytri þættir yrðu til þess að ekki væri hægt að fylgja fyrri starfsáætlun að fullu eftir. Skipulagsbreytingar voru miklar á skólaárinu 2020-2021 vegna heimsfaraldursins og veikindi starfsmanna voru töluverð. Starfsfólk var oftár fjarverandi vegna einkenna sem fólk hefði harkað af sér áður fyrr. Af þessum sökum þurftum við oft að fara í faliðunarferli. Það hefur alltaf keðjuverkandi áhrif og kom stundum þungt niður á fjölskyldum barnanna. Hólfun var eftir fremsta megni í tveimur hólfulum. Við útbjuggum kaffistofu úr fundarherbergi skólans sem nýttist öðru hólfinu og keyptum lítinn ísskáp til að hafa þar inni. Salerni barna í fataherbergi var breytt í starfsmannasalerni fyrir annað hólf. Fundarherbergi er nú aftur orðið fundarherbergi ásamt því að þar er aðstaða aðstoðarleikskólastjóra. Stjórnendur fundu það fljótt út að þeir þyrftu að tilheyra sitthvorum hólfinu ef smit kæmi upp svo annar þeirra verði í það minnsta til staðar ef á þyrfti að halda. Salerni barnanna í fataherbergi er enn starfsmannasalerni og verður það áfram þar til bætt verður úr húsnæðismálum skólans. Börnin fara því á sínar deildir þegar þau þurfa að fara inn á salerni.

Ferli er komið í gang varðandi viðbyggingu við Sæborg en hætt var við breytingar innanhúss þrátt fyrir að teikningar væru tilbúnar. Nú er verið að skoða alla möguleika á viðbyggingu og leyfisveitingar því tengdu.

Breytingar í starfsmannahaldi voru nokkrar en starfsmannamál voru komin í gott horf þegar leið á haustið. Það slípaðist fljótt til enda deildarstjórar með ágætis reynslu í húsinu. Nánast fullráðið var þegar aðlögun hófst.

Starfsdagar urðu átta talsins þetta starfsárið vegna þess að við tókum með okkur starfsdaga frá fyrra skólaári sem felldir voru niður vegna heimsfaraldurs. Þeir nýttust vel til undirbúnings skipulagsbreytinga sem og til starfsþróunar.

Vinna að nýrri menntastefnu hófst strax um haustið með áherslu á læsi en í því felst þekking og skilningur á þjóðfélagi og umhverfi. Farið var nokkuð vel yfir þá þætti starfsins sem snúa að læsi. Við fengum námskeið í leikskólann á milli bylgna í heimsfaraldri í febrúar en þá kom til okkar talmeinafræðingurinn Eyrún Ísfold Gísladóttir og leiðbeindi starfsfólki hvernig á að nýta sér Lubba og keyptum við kennsluefni á hverja deild sem notað er nú í daglegu starfi. Námsefnið heitir **Lubbi finnur málbein** en það er bæði hugsað til málörvunar og hljóðnáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára.

Í lok skólaársins fórum við á tvö stutt námskeið í Borgarfirði í tengslum við læsi. Starfsmenn voru virkir þátttakendur á báðum námskeiðum og voru þau mjög gefandi fyrir starfsmannahópinn. Það fyrra var fyrir hádegi í Borgarnesi hjá listakonunni Michelle Bird um sköpun og læsi. Það seinna var eftir hádegi í Varmalandi hjá Ásu Erlingsdóttur og hét **Læsi í útinámi**. Starfsmannahópurinn sýnir áhuga á að kynnast útinámi betur og skoða möguleikana til þess hér í Sæborg.

Á starfsdegi í september gerðu starfsmenn með sér sáttmála. Við ígrunduðum í hvernig umhverfi og andrúmslofti við viljum starfa og hvað það er sem starfsmönnum þykir mikilvægt í starfsumhverfi sínu. Einnig fórum við vel yfir gildi leikskólans og skoðuðum hvernig þau birtast í skólabrag Sæborgar. Starfsmenn undirrituðu sáttmálann og er hann sýnilegur í starfsmannaaðstöðu.

Miklar umræður áttu sér stað um aga og hegðun í skólastarfinu. Við komumst að því að við þyrftum að öðlast verkfæri til að ná betri tökum á því. Með það í huga fengum við leikskólakennarann Arnrúnu Magnúsdóttur til þess að koma og fræða okkur um verkefnið **Lausnahringinn** sem unnið hefur verið með í leikskólanum Brákarborg og einnig um verkefnið **Fræðsla ekki hræðsla** sem hún vinnur að. Mikill áhugi er á að halda áfram með þá vinnu næsta skólaár og innleiða Lausnahringinn í Sæborg.



Þann 10. maí sóttum við menntastefnumót í gegnum netið. Þar gátum við valið okkur málstofur og hlustum við á ýmsa fyrirlestra um ýmiss viðfangsefni frá klukkan 8:00 til 13:30, eftir það voru deildarfundir og lauk deginum með starfsmannafundi. Starfsmenn voru sammála um að þetta hefði mjög vel heppnað menntastefnumót þar sem utanumhald og skipulag var gott og auk þess margt áhugavert að sjá og heyra. Stemningin var góð í hópnum og gott að „hitta fólk“ þó það hafi ekki verið í raunheimum í Hörpunni eins og áætlað hafði verið.

Síðasta starfsdag vetrarins fórum við í námsferð í Borgarfjörðinn eins og áður var sagt frá. Námsferð starfsfólks Sæborgar var frestað í þriðja árið í röð. Í annað skipti sem það er gert vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Ákvörðun verður tekin endanlega á starfsdegi 22. október 2021 hvort við stefnum á að fara vorið 2022. Borgarfjörðurinn var því okkar Brighton þetta árið. Bæði námskeiðin teljum við hafa verið innihaldsrík og skiluðu sér beint í starfið ásamt því að hafa verið mikil vítamínsprauta fyrir starfsanda og ánægju.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Starfsandi og gildi leikskólans	Umræðuhópar í anda þjóðfundar á starfsdegi	Allir starfsmenn	Starfsmannasáttmáli sem starfsfólk undirritaði.
Læsi	Umræðuhópar á stjórnarfundum, deildarfundum og á starfsdegi	Allir starfsmenn	Að við erum að standa okkur vel varðandi læsi. Getum alltaf bætt okkur.



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Foreldrakönnun	Könnun send á alla foreldra	Foreldrar. 68% þeirra svöruðu könnuninni	Í heildina voru foreldrar ánægðir með hversu vel barni þeirra líður í leikskólanum og telja framfarir stöðugar hjá barni sínu. Foreldrar sögðust upplifa gott viðmót, eiga í góðum samskiptum við starfsfólk og telja leikskólanum vel stjórnað. Þó kom í ljós að samskipti mættu vera meiri, að mati foreldra, og að starfið væri sýnilegra. Skólinn mætti jafnframt vera betri í að hafa fjarfundi. Ábendingar komu um viðhald húss og lóðar en sumum foreldrum þykir ástandið óviðunandi.



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

Umbótapáttur Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Starfsþróunar-samtöl	Að setja fastan ramma um starfsþróunarsamtöl.	Skoða hvaða aðferðir hafa reynst öðrum stjórnendum vel.	Leikskólastj.	Okt. 2021	Maí 2022	Meta að vori 2022 á umræðufundi stjórnendateymi s.	Að bæta niðurstöður viðhorfskönnunar í skólanum. minnka óstöðugleika í starfsmannahaldi og fá betri yfirsýn yfir óskir starfsmanna um fræðslu.
Móttaka nýrra starfsmanna	Að bæta móttöku nýrra starfsmanna.	Aðstoðarleikskólastjóri veiti nýjum starfsmönnum handleiðslu með kynningu á starfi skólans og eftirfylgni.	Stjórnendateymi.	Okt. 2021	Nóv. 2021 og apríl 2022	Fylgja stefnu borgarinnar um móttöku nýrra starfsmanna. Spurningarlisti lagður fyrir starfsfólk sem fékk nýliðafræðslu.	Betri starfsandi og bæta niðurstöðu viðhorfskönnunar. Minnka óstöðugleika í starfsmannahaldi. Bæta fræðslu og þjálfun.
Handleiðsla deildarstjóra	Að styðja við og setja nýja deildarstjóra vel inn í starfið.	Nýjir deildarstjórar fá markvissa handleiðslu sem þegar hefur verið undirbúin.	Stjórnendateymi	Okt. 2021	Feb. 2022	Leikskólastjóri ræðir við þá deildarstjóra sem nutu handleiðslu um hvernig hún hafi nýst.	Að nýjir deildarstjórar komist vel inn í starfið og upplifi sig örugga og geta leitað til samstarfsmanna/yfirmanna. Styrkja samvinnu og öryggi í starfi.
Auka samstarf og sýnileika við foreldra	Auka nálægð og samskipti stjórnenda við foreldra.	Finna leiðir til að halda sama starfi þegar ekki er hægt að hittast vegna Covid-19	Leikskólastj. og stjórnendateymi	Okt. 2021	Maí 2022	Í nóvember og apríl verður foreldrum sendur spurningalisti um hvernig þeir meta sýnileika og samstarf við stjórnendur.	Að koma fundarhorfi í það horf sem það var fyrir heimsfaraldur og grípa til fjarfunda ef fjölmennir foreldrafundir geta ekki orðið.
Uppeldis- og menntastarf							
Menntastefnan: Sjálfsefning	Að börnin öðlist trú á eigin getu og læri að þekkja eigin styrkleika.	Innleiða og vinna með Lausnarhringinn	Tilfinningateymi og deildarstjórar	Sept. 2021	Maí 2022	Umræðumat á deildarfundum.	Góð samskipti í barnahópnum



Mannauður/ Leikskólabragur							
Að meta fjölbreytileikann í starfsmanna-hópnum	Góður starfsandi	Umræður og fræðsla	Allir	Ágúst 2021	Júní 2022	Umræðumat á starfsmanna-fundum	Góð líðan starfsmanna og jákvæð samskipti
Umgengni í Sæborg	Að bæta umgengni í öllum rýmum	Umræður um mikilvægi umhverfisins. Ábyrgð á svæðum skipt niður á deildir.	Allir	Ágúst 2021	Júní 2022	Umræðumat og á starfsmanna-fundum	Snyrtileg og aðlaðandi Sæborg
Innra mat							
Föstudagsflæði	Að virkja allt starfsfólks til þátttöku í flæði og efla skilning þess á tilgang flæðis.	Ræða á starfsdegi um upplifun okkar af flæði og setja okkur markmið.	Allir	Okt. 2021	Maí 2022	Spurningarlisti til starfsmanna. Rýnihópur barna um skoðanir þeirra á flæðinu.	Að ánægja sé með flæðið, bæði hjá starfsfólki og börnum og að flæðið gangi snurðulaust fyrir sig.



3 Innra mat deilda

3.1 Greinargerð deildarstjóra á Suðurhlíð veturinn 2020-2021

Við fluttum yfir á Suðurhlíð um miðjan ágúst. Fjórir drengir urðu eftir á Suðurhlíð og fjögur börn héldu áfram á Lambhól. Þá bættust við þrír drengir og tvær stúlkur en ein stúlka hætti um áramót. Það voru því um 19 börn á deildinni. Þar af voru 11 börn fædd 2016 en 7 fædd árið 2017. Drengir voru í miklum meirihluta en aðeins fimm stúlkur voru á deildinni. Fyrir áramót voru þrír starfsmenn á deildinni en eftir áramót bættust við tveir fastir starfsmenn sem sinntu stuðning. Stuðningsbörn voru alls fimm.

Markmið okkar fyrir þetta skólaár voru eftirfarandi

- Að efla börnin enn frekar í sjálfshjálpi í matartímum, fataherbergi og við leik og störf.
- Að starfsfólk eflist í skráningum og að hver starfsmaður geri að minnsta kosti tvær skráningar yfir veturinn.
- Að auka sýnileika og aðgengi barna að skapandi efnivið. Þar má nefna málningu, liti, lím, leir og hljóðfæri. Einnig að leggja áherslu á líkamlega tjáningu á borð við dans og leikræna tjáningu með spuna og að börnin öðlist færni í að segja sögur.
- Að börnin læri að lesa úr umhverfinu og öðlist grunnþekkingu til þess að lesa sér til gagns í framtíðinni.

Börnin voru fljót að venjast nýjum aðstæðum en mikill munur var á deildinni fyrir og eftir áramót. Fyrir áramót voru mörg börn enn að sofa eftir hádegismatinn og mikil áhersla lögð á að skapa ró á þeim tíma. Þá hlustuðu börnin á sögu eða rólega tónlist og sum sofnuðu á meðan önnur slökuðu á. Eftir áramót var þessu breytt í leshvöld þar sem lesin var bók í þremur hópum með tilliti til aldurs en sömuleiðis reynt að skapa rólega stemningu fyrir börnin. Með hækkandi sól er þessi stund meira flæðandi og hefur hún verið nýtt í litla félagsfærnihópa, Blær-stundir, Lubba, útiveru eða lestur. Vegna fjölda stuðningsbarna þurfti að taka tillit til þess í samverustundum sem og lesstundum að börnin voru á misjöfnum stað og því reynt að skipta þeim í hópa til þess að allir fengju eitthvað við sitt hæfi.

Sjálfshjálpi

Vegna Covid 19 féll föstudagsflæði oft niður í vetur sem og matarflæði en inn á milli var hægt að leyfa börnunum að skammta sér sjálf. Við notuðum því aðrar leiðir til að efla sjálfshjálpi til dæmis í fataherbergi, að laga mistök, til dæmis þurrka upp sull, líma saman rífið blað og svo framvegis. Þá hvöttum við börnin til að koma fram fyrir framan hópinn með því að leika leikrit, syngja eða dansa. Við nýttum okkur Torgið nokkrum sinnum í þessum tilgangi og bjuggum þá til svið og áhorfendastúku og höfðu börnin þá val um að taka þátt eða fylgjast með. Sum fundu sig í því að vera sýningarstjórar, kynna næsta atriði og draga tjöldin frá en voru ekki tilbúin til að standa í sviðsljósinu að svo stöddu.



Skapandi starf

Allur efniviður var í hæð barnanna og aðgengilegur fyrir utan skæri eða annað sem kennarar þurfa að hafa umsjón með en reynt var að hafa allt sýnilegt. Við unnum með sköpun með fjölbreyttum hætti en starfið í listasmiðju hefur ekki verið jafn markvisst og við hefðum vonað þetta skólaár.

Félagsfærni

Mikil áhersla var lögð á frjálsan leik en eftir áramót hönnuðum við valfundi þar sem börnin gátu valið sér stöðvar og fengu þau að vera með í að ákveða hvað skyldi vera í boði hverju sinni. Við notuðum tímavaka til þess að hjálpa þeim að komast inn í leikinn en eftir fimmtán mínútur máttu þau skipta, þá voru þau oft komin inn í góðan leik og kusu að vera áfram. Þetta gerðum við til þess að koma í veg fyrir þá ringulreið sem oft skapaðist í frjálsa leiknum þar sem börnin undu ekki við neitt og fóru þá oft í ærslaleiki. Við notuðum innra herbergið oft til að leyfa slíka leiki ef okkur fannst vera þörf á eða buðum hreyfipurfandi einstaklingum út í litlum hópum eða í smá hreyfistundir á Torginu ef það var laust.

Við köfuðum djúpt í þema um tilfinningar, samskipti og fjölbreytileika og lögðum áherslu á félagsfærni og forvarnir. Við notuðum bækur, klípusögur, leikrit með litla leikmuni (dýr til dæmis) og áttum margar umræður með börnunum um umburðarlyndi, vináttu og fjölmenningu. Í mars kynntum við Blæ til leiks og hófum vinnu með hann ásamt því að taka upp Lubba.

Læsi

Við fléttuðum læsi inn í fjölbreytta þætti starfsins. Reyndum að lesa á hverjum degi, vöktum áhuga á stöfunum og höfðum þá sýnilega, settum upp læsis-flæði þar sem unnið var með stafi á fjölbreyttan hátt í stöðvum og litum einnig svo á að vinna með tilfinningar væri tilfinningalæsi. Eftir að við innleiddum Lubba höfum við lagt ríkari áherslu á málhljóðin og notað táknin jafnt og þétt yfir daginn ásamt því að hafa sérstakar Lubba-stundir í stórum og smáum hópum. Börnin hafa sýnt Lubba mikinn áhuga og sáum við greinilegar framfarir hjá mörgum börnum eftir að við hófum þessa vinnu.

Verkefni, skráningar og vettvangsferðir

Þá unnum við einnig með börnunum verkefni um matarsóun þar sem börnin skiptust á að vigta matinn. Til stóð að vinna þetta verkefni með elstu börnunum og gera þetta markvisst og kafa djúpt. Brúarendi dró sig úr verkefninu og á endanum rann verkefnið í sandinn þar sem ekki ríkti næg samstaða og samvinna. Börnin eru þrátt fyrir þetta mun meðvitaðri um hversu miklu þau henda og tókst okkur að halda þessu til streitu í nokkrar vikur. Það væri því gaman ef þetta verkefni yrði að veruleika seinna.



Sá þáttur sem okkur tókst minnst að viðhalda voru skráningar. Það hefur ekki gengið vel að skrá og þykir okkur það miður.

Við unnum stuttlega með þema um fugla og fengum til okkar frábæra leiksýningu Fuglabjargið. Til stóð að vinna með Ásthildi Jónsdóttur frá LÁN (Listrænt ákall til náttúrunnar) í þemanu og vonandi verður það að veruleika í sumar. Hún greip okkur á lofti fyrir Barnamennignarhátíð og fengum við tækifæri til að sýna verk tengd eldgosinu, bæði einstaklings og samvinnuverkefni á hátíðinni. Við vorum dugleg að fara í vettvangsferðir þegar við gátum, bæði á sýningar á listasöfnum og utan dyra, hvort sem það var náttúrulegt umhverfi eða mannbert. Í heildina tókst okkur að vinna fjölbreytt og skemmtilegt starf þrátt fyrir undarlega tíma heimsfaraldurs og eldgosa.



3.2 Greinargerð deildarstjóra Garða veturinn 2020-2021

Veturinn 2020-2021 voru 13 börn á Görðum þegar mest var. 11 fyrir áramót og 13 eftir áramót. Aldursbilið í barnahópnum voru 22 mánuðir, elsta barnið fætt í janúar 2018 og yngsta barnið í október 2020. Kynjaskiptingin í hópnum var nokkuð jöfn, 7 strákar og 6 stelpur. Það voru 3 fastir starfsmenn sem fylgdi hópnum allan veturinn og einn starfsmaður sem sinnti 100% stuðningi. Starfsmannahópurinn var virkilega samheldin og einkenndist starfið af mikilli sköpun og gleði.

Covid 19 setti vissulega sitt strik í reikninginn. Listasmiðjan var aðeins í fullu starfi hálfan veturinn sem hafði áhrif á skipulagið á skapandi starfinu. Þess í stað var aukin áhersla lögð á skapandi starf inni á deild. Þá var málning, leir, ljós og skuggar og skynjunarleikir á ljósaborði í forgrunni.

Mikil áhersla var á umhverfið sem þriðja kennara. Starfsfólkið var duglegt að breyta umhverfinu og prófa nýjar leiðir með fallettri framsetningu á efniviðnum, sem skapaði kveikjur í leik barnanna. Allur efniviður var og er sýnilegur eða aðgengilegur og fá börnin tækifæri til þess að vinna með hann á fjölbreyttan hátt. Við berum virðingu fyrir umhverfinu okkar með því að ganga snyrtilega um deildina og börnin eru virkir þátttakendur í að halda deildinni hreinni og fínni.

Sköpun hefur verið rauður þráður í okkar starfi. Þá fá börnin tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni þar sem þau vinna á sínum forsendum og er áherslan fyrst og fremst á ferlið fremur en afurðina. Með því að hafa flæðandi dagsskipulag getum við skapað rými þar sem tíminn fær ekki alfarið að ráða ferðinni. Gott samstarf á milli kennara og sveigjanleiki hefur gert slíkt fyrirkomulag auðvelt í framkvæmd. Ef það er góður leikur og sköpun í gangi fær það að njóta sín.

Starfsmenn deildarinnar hafa lagt mikið upp úr að kennarar og börn sýni hvert öðru virðingu með að hlusta hvert á annað, að allir tali rólega og fallega sín á milli og eigi í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum. Einnig að börnin upplifi að þau séu örugg og fái þá umhyggju sem þau þurfa.

Matartíminn – hluti hópsins tekur þátt í matarflæði frammi á torgi. Börnin æfa sig að fara í röð og biðja um það sem þau vilja á diskinn sinn. Lítið eða mikið af fisk, eina eða tvær kartöflur. Þetta er liður í að börnin átti sig á hve mikið þau þurfa hverju sinni. Næsta skref er að skammta sér sjálf á diskana. Börnin hella sjálf í glös og ganga svo frá eftir sig að máltíð. Yngri helmingurinn borðar inni á deild og leggjast svo sjálf beint í hvíldina. Þetta fyrirkomulag hefur hentað deildinni einkar vel.

Samverustundir eru reglulega endurmetnar og er reynt að skipta hópnum í tvennt og jafnvel þrennt þegar hægt er. Þetta á einnig við um frjálsan leik en þá höfum við útbúið þriðja rýmið í fataherbergi sem gerir okkur kleift að hafa 3-4 barna hóp á leik og samveru. Þetta gefur börnunum aukið pláss og auðveldar þeim að sökkva sér í enn dýpri leik án truflunar.



3.3 Greinargerð deildarstjóra Lambhóls veturinn 2020-2021

Veturinn 2020-2021 voru lengst af 17 börn á deildinni en í mars 2021 flutti eitt barn í annan leikskóla og í júní tvö í viðbót. Í stað þeirra fluttist ein stúlka af Görðum til okkar. Aldursbilið í barnahópnum var tæpt ár en elsta barnið var fætt í maí 2017 og það yngsta í apríl 2018. Kynjaskipting í hópnum var nokkuð jöfn, 9 strákar og 8 stúlkur framan af vetri.

Mikil starfsmannavelta einkenndi veturinn á Lambhól. Í október 2020 fór deildarstjórinn í fæðingarorlof en tveir starfsmenn deildarinnar skiptu með sér deildarstjórastöðunni eftir það. Oftast voru þrír kennarar á deildinni, stundum fjórir en því miður var skipt um starfsmann í þeirri stöðu sex sinnum.

Barnahópurinn var einstaklega góður og samhentur. Börnunum var gjarnan skipt í tvo hópa til að nýta rými deildarinnar betur og gefa þeim tækifæri til rólegri leikja. Innra herbergið nýttist í hreyfistundir, dans og hlutverkaleiki en í því fremra voru meiri rólegheit eins og að lesa bækur, hlusta á sögur, leysa þrautir, byggja með kubbum og leika með dýr. Börnin hafa haft sérstaklega mikinn áhuga á að teikna og sum eru jafnvel farin að skrifa nokkra bókstafi.

Börnin fóru yfirleitt alltaf út á morgnana en voru svo í leik inni eftir hádegisverð. Einu sinni í viku átti deildin Torgið og var það verið mikið notað á fjölbreyttan hátt. Við byrjuðum einnig á að ríma, klappa samstöfur og leysa gátur í samverustundum auk þess sem börnin sungu mikið og höfðu áhuga á því að hlusta á sögur.

Því miður var starfsmaður í listasmiðju upptekinn í afleysingum þannig að starf í listasmiðju var í lágmarki. Starfsfólk deildarinnar lagði þó alltaf áherslu á að hafa jarðleir, málningu, vatnsliti, lím og verðlausan efnivið sem oftast í daglegu starfi. Í maí kom listasmiðjustjóri leikskólans til starfa eftir námsleyfi og var í 100% stöðu á deildinni. Þá fóru börnin í listasmiðjuna nokkrum sinnum í viku og nutu þess að vinna fjölbreytt skapandi verkefni.

Eitt af markmiðum deildarinnar fyrir þetta skólaár snéri að valdefla börnin, meðal annars með því að hvetja þau til þess að skammta sér sjálf á matmálistímum. Því miður setti Covid-19 strik í reikninginn varðandi það en nú þegar veiran er á undanhaldi ætlum við að efla sjálfshjálpi í matartíma. Mikil áhersla var á að börnin æfðust í að klæða sig sjálf í útiföt og hefur það gengið nokkuð vel, sérstaklega eftir að hlýnaði í veðri og klæðnaður varð léttari.

Annað markmið Lambhóls sneri að því að efla starfsfólk í því að gera skráningar. Það hefði mátt ganga betur en stöðugar starfsmannabreytingar gerðu okkur erfitt fyrir auk þess sem báðir deildarstjórnir eru af erlendu bergi brotnir og því tímafrekara fyrir þá að gera skráningar á íslensku. Þó voru alltaf gerðar aðlögunarskráningar og afmælisskráningar.

Þriðja markmiðið sneri að því að vinna þemaverkefni með börnunum, jafnvel um ljós og skugga. Covid-19 og starfsmannabreytingar trufluðu einnig þetta markmið að vissu leyti en hins vegar var mikið unnið með myndvarpa, ljósaborð og jafnvel vasaljós.



Fjórða og síðasta markmiðið fjallaði um að fara í vettvangsferðir sem oftast og þá jafnvel í strætó. Börnin fóru oft í ferðir í fjöruna og nutu sín vel þar í rannsóknnum og leikjum auk þess sem farið var á leikvelli í nágrenni Sæborgar. Ekki gafst tækifæri til þess að fara með börnunum í strætó en öryggisins vegna teljum við nauðsynlegt að hafa fjóra til fimm kennara með öllum barnahópnum í slíkri ferð. Ekki gekk upp að manna deildina ef farið hefði verið í minni hópum. Við erum þó bjartsýnar á að börnunum gefist betra tækifæri til strætóferða næsta vetur á Suðurhlíð.



3.4 Greinargerð deildarstjóra Brúarenda

Árið 2020-2021 voru 19 börn á Brúarenda, þar af 15 strákar og 4 stelpur. Þetta kynjahlutfall hefur haft mikil áhrif á leikskólastarfi. Strax frá flutningi á elstu deild myndaðist sérstök leikstemning á deildinni sem einkenndist af kynbundnu leikvali barna og takmörkuðum vinatengsl innan barnahópsins.

Smám saman færðist þó ró og vinátta yfir deildina. Við efldum samvinnu við foreldra, fengum ráðgjöf frá Arnrúnu Magnúsdóttur í Brákarborg sem kom líka sterk inn í málið með námsefnið **Fræðsla ekki hræðsla** og Guðrún hegðunarráðgjafi kom inn í einstaklingsmál.

Við unnum mikið með tilfinningar um haustið og veturinn og þannig höfum við kennarar náð betur utan um barnahópinn. Börnin unnu sérstaklega að lausnum fyrir vandamál sem hafa síendurtekið sig úti í garði og í frjálsum leik inni. Þau gerðu saman myndrænt veggspjald með teikningum þeirra sem lýstu „vandræðalegum samskiptum.“ Í samverum ræddum við reglulega um lausnir og vorum að safna gullorðum og hugmyndum sem lausnum fyrir vandamál. Fyrirmynd þessarar nálgunar í starfinu var **Lausnahringur** sem Arnrún hefur þróað í Brákarborg. Því miður var þetta veggspjald ekki eins mikið notað eins og áætlað var, enda byrjuðum við að vinna með vináttuverkefnið Blæ. Þar lærðu börnin um jákvæð samskipti í gegnum leik með Blæ-böngsunum. Öll börn voru hrifin af verkefninu og elskuðu þessu yndislegu bangsa. Kennari sem stýrði verkefninu um Blæ á Brúarenda færðist á Suðurhlíð og þannig hættum við að vinna með Blær markvisst.

Við kennararnir lögðum mikla áherslu á verkefnin með læsi og það að hafa námsumhverfið fjölbreytt, skapandi og sem eðlilegast þrátt fyrir covid takmarkanir.

Í september tóku Brúarendabörnin þátt í smásagnakeppni Kennarasambands Íslands og næstum því öll börnin á deildinni sendu sínar eigin sögu í keppnina. Einn drengurinn á deildinni, Darin Madrin okkarm vann smásagnakeppnina með söguna sína „Vinir mínir“ sem fjallar um vináttu séð frá reynslu Darins í tveimum ólíkum löndum.

Okkur kennurunum fannst áhrifaríkast að nota tvo aðalkennslumáta með þennan barnahóp: fjölbreytni og sköpun. Við lásum alls konar bækur, hlustuðum ýmsa tónlist og unnum með ólíkan efnivið í skapandi leik og starfi. Það þurfti einnig að finna verkefni sem myndi hvetja börn til þess að vinna meira saman að einhverju markmiði og við nýttum okkur oft samvinnuverkefni. Allir kennarar á Brúarenda lögðu sig af mörkum að finna samvinnuverkefni til að efla samkennd og samvinnu hjá börnunum. Skemmtilegasta og áhrifaríkasta samvinnuverkefni barna á Brúarenda var þó jöklaverkefni. Jöklaverkefnið er búið að þróað í meira en eitt og hálft ár hjá þessum barnahóp og áhugi barnanna hefur bara aukist með tímanum. Það er alveg einstakt hvað þetta verkefni gaf okkur margt. Í fyrra fengu börnin mjög jákvæð viðbrögð fullorðinna fyrir listina sína. Við ákváðum að halda áfram samstarfinu við LÁN (Listrænt ákall til náttúrunnar) meðal annars til að sameina hópinn, valdefla hann sem heild og hvern og einn einstakling í honum. Þessum markmiðum hefur verið svo sannarlega náð. Við fengum að fræðast af vísindamönnum og listamönnum um jökla á Íslandi. Magnús Tumi og Anna Lindal komu í samstarf á vegum LÁN og verkefnin sem börnin unnu eftir fræðslu þeirra voru einstaklega athyglisverð og



skemmtileg fyrir barnahópinn. Börnin héldu svo tvær merkilegar sýningar um jöklana þetta ár, í febrúar á Vetrarhátíð og í apríl á Barnamenningarhátíð. Brúarendi fékk þann heiður að opna Barnamenningarhátíð ásamt Degi B. Eggertssyni borgarstjóra. Börnin okkar spjölluðu við Dag um málefni sem tengdust sýningunni og svo fengu tvo börn úr okkar hópi að sitja fund með umhverfisráðherra og ræða við hann um sjálfbærni og málefni náttúrunnar á Íslandi í dag.



Í febrúar gerði Jelena deildarstjóri kennsluáætlun fyrir *Jökla-dansleikhús* sem hún sjá að það væri hægt að sýna sem útskriftaverkefni í lok ársins, eins og öll börn á Brúarenda sögðust í byrjun ársins vilja gera. Dansleikhúsið var hugsað sem ný listaleið fyrir börn og ætti að sameina fjölbreyttar listir og þekkingu þeirra um jöklana. Samkvæmt kennsluáætluninni með börnunum var unnið að sviðsmyndum fyrir hverja dans- og leiksenu. Skúlptúrar úr lifandi ís og skarti sem voru sýndir í Hafnarhúsinu í apríl á sýningunni LÁN áttu upphaflega að vera eiginlega partur af sviðsmynd í dansleikhús sýningu okkar.





Myndavél Brúarenda geymir óteljandi fjölda af myndböndum og ljósmyndum um dansleikhús verkefnið. Við náðum ekki að vinna úr þessum skráningum. Samt létu börnin það ekki stoppa sig og eru ennþá á hverjum degi að setja upp listavel leiknar sýningar með frábærum söguþræði og áhugaverðum sviðsmyndum.

Hér koma hlekkir með kynningum um öll verkefni sem við gerðum í samstarfi með LÁN en þessar kynningar eru gerðar fyrir Menntakviku 2020. og Hugarflug 2021. Þær eru eiginlega skráningar deildarstjóra um þessi verkefni: <https://vimeo.com/510748670> og <https://youtu.be/TOJgUMFSzNY>

Það mæti alveg segja að þetta fjölbreytta, skapandi, krefjandi og gefandi starf á Brúarenda hafi borið frábæran árangur. Kynbundinn munur í leikvali barna hvarf næstum því. Samleikur og leikur er nú sterkt einkenni hópsins og samskipti á milli barnanna vingjarnleg. Í foreldrasamtölum í lok skólaársins tjáðu foreldrar mikla ánægju með starfið og þær framfarir sem börnin hafa tekið. Foreldrar voru sammála að okkur hafi tekist vel að byggja upp sterka og jákvæða sjálfsmynd hjá börnunum, efla færni þeirra við að kynna hugmyndir sínar og getu til þess að vinna í hóp. Samkvæmt foreldrum upplifa öll börnin sig sem listamenn.

Orð barns sem kvaddi vininn sinn sem hætti á Brúarenda um daginn lýsa í hverju voru helst töfrar okkar einstaklega fallega líf á Brúarenda:

“Ég er leiður að þú sért að hætta, ég mun sakna þinn alla daga. En ég óska þess að þú kynnst nýjum vinum og þú ferð í ný ævintýri. Það er mjög gott að eignast vini og eiga mikið af þeim. Vertu góður vinur og haltu áfram með ævintýri. Og haltu áfram að elska náttúruna. Það er gott fyrir hjarta. Ekki, ekki gleyma henni. Þú ert líka vinurinn hennar.”

Jelena Bjeletic , deildarstjóri á Brúarenda



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Skipulagning sérkennslu hér í Sæborg er örlítið snúin þar sem hér eru mörg börn með stuðning og vantar oft klukkustundir og starfsfólk til að vel sé. Við höfum reynt að sníða skipulagið að hverju barni og þörfum þess, þau eru svo misjafnlega stödd í málþroska, leik- og félagsfærni o.s.frv. Sum þeirra eru í atferlisþjálfun, þar reynum við að nota náttúrulega kennslu eins og hægt er en líka einstaklingsvinnustundir – fer mikið eftir stöðu barns. Við reynum að flétta sérkennsluna inn í almennt starf á deildinni þannig að börnin fái stuðning og kennslu í gegnum daglegar aðstæður en jafnframt skipulagðar stundir þar sem ýmist er verið að leggja áherslu á málþroska eða félagsfærni, eða villulausa þjálfun. Sum þurfa stuðning til að læra færni í ákveðnum aðstæðum yfir daginn, eins og fataherbergi, matartíma o.fl. Skráning fer fram í vinnustundum á því sem verið er að fást við, ýmist með villulausri þjálfun eða tékklista yfir það sem verið er að leggja inn. Við höfum líka verið að skrá talmál hjá börnum sem eru skammt á veg komin í máli til að fá yfirleit yfir færni þeirra og meta út frá því hvernig íhlutun hentar best, líka til að átta okkur á framförum. Annars mættum við gera betur í skráningum en sökum annríkis þá næst ekki alltaf nægilega vel utan um það. Reynum að bæta upp með því að fara reglulega yfir færni barns út frá matslistum.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Við notum AEPS, VB-Map, HLJÓM-2, EFI-2, Orðaskil
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Við notum ýmist aðkeypt og heimatilbúin



Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Meiri samvinna meðal þeirra sem vinna með stuðning/sérkennslu	Fylgja einstaklings- áætlunum betur eftir og gera sérkennsluna sjálfstæðari	Bæta skipulag	Sérkennslustjóri, deildarstjórar	Haut 2021	Des. 2021	Skráning á eftirfylgd á skipulagi og matslistar um framfarir barna	Að skipulag haldist í 75-80% yfir 3ja mánaða tímabil



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Hluti af launum tengiliðs fjölmennningar var greiddur með úthlutaðri upphæð. Hún sinnir m.a. málörvun með börnunum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Á deildum í flettistöflum eru upprifjunarpunktar um gæðamálörvun í daglegu amstri frá Miðju máls og læsis. Orð eru sett á athafnir. Starfsfólk vandar málfar og á í samtali við börnin í öllum aðstæðum úti sem inni. Reynt að lesa stundum sérstaklega fyrir börn með fjöltyngi og ræða við þau. Alltaf má gera betur og fjöldi þeirra hefur aukist mikið í leikskólanum. Málörvun í smærri hópum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já í samveru og sögustundum. Einnig í öllu daglegu starfi. Unnið er með Lubba og aðferðir Orðaspjalls þar sem orð eru tekin út og unnið með þau á marvíslegan hátt.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við höfum fylgst vel með framförum en ekki á kerfisbundinn hátt. Við erum spennt að byrja að nota sænska módelið.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já hugað er að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barna. Viljum gera það kerfisbundnar en áður og kemur Sænska módelið þar til góðra nota.



Umbótaáætlun – fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Málörvun fjöltyngdra barna	Að vinna markvissa r með málörvun fjöltyngdr a barna	Kanna stöðu íslenskukunnátt u barnanna.	Sérkennslustjór i	Haus t 2021	Eftir þörfu m	„Sænska“ stöðumatíð tekið	Framfarir í íslenskukunnátt u barnanna.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og apríl, seinna en áætluð hefðu verið og styttri. Markmið komandi veturar hjá leikskólastjóra er að leita sér þekkingar á því hvaða aðferð sé best varðandi starfsþróunarsamtöl. Eins stefnir leikskólastjóri að því að kynna sér örsamtöl og hvernig þau virka best til að ná góðu jafnvægi í samskiptum við starfsfólk og fá þannig að heyra um líðan, upplifun þeirra og óskir um fræðslu. Þar sem við ætlum að innleiða **Lausnarhringinn** munum við fá fræðslu og stuðning við innleiðingu hans. Stefnt er áfram að því að allir starfsmenn fái fræðslu um Blæ sem er vináttuverkefni Barnaheilla og forvarnaverkefni gegn einelti. Þrír starfsmenn tóku námskeiðið. Nú þegar eru tveir starfsmenn búnir að taka námskeiðið sem af er vetri.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Heimsfaraldur hefur einnig haft áhrif samstarf þessara tveggja skólastiga. Áætlun um samstarf verður sett niður í október með stjórnendum Melaskóla sem mun verða regluleg ef reglur Almannaþingis leyfa en þá fara börnin í heimsóknir í Melaskóla, hitta skólastjórnendur og skoða skólann. Þau fara einnig í heimsóknir inn í bekk, í íþróttahúsið og bókasafn skólans. Grunnskólanemendur koma í heimsókn í leikskólann og lesa fyrir börnin á degi íslenskrar tungu 16.nóvember.

8 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er í leikskólanum og er skipað fjórum einstaklingum. Foreldrafélag Sæborgar er starfrækt og eru fimm foreldrar í stjórn félagsins. Kosið er eftir þörfum á Aðalfundi ár hvert í bæði foreldraráð og foreldrafélag.

Foreldrafundir eru áætlaðir einu sinni á ári á hverri deild að hausti. Þá eru verkefni og áherslur vetrarins kynnt fyrir foreldrum á viðkomandi deild. Heimsfaraldur hafði áhrif á þennan þátt síðastliðinn vetur en er á áætlun í október 2021.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar Sæborgar skólaársins 2021-2022 verða eftirfarandi:

23. ágúst (fyrsti dagur 1. bekkjar í Melaskóla - flutningar á milli deilda í Sæborg - skertur dagur í Melaskóla)

22. október (vetrarfrí í Melaskóla)

3. janúar (starfsdagur í Melaskóla)

7. febrúar (ráðstefna á degi leikskólans)

25. maí - Námsferð Sæborgar til Brighton

27. maí - Námsferð Sæborgar til Brighton



10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Sæborgar

Ásta Kristín Svavarsdóttir

4.10.2021

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.



Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð vill byrja á að hrósa metnaðarfullu og góðu starfi á Sæborg, sérstaklega í ljósi erfiðra tíma vegna Covid. Ljóst er að starfsmenn og stjórnendur hafa lagt mikið á sig til að hafa starfið sem eðlilegast á erfiðum tímum.

Mikið hefur borið á aukinni starfsmannaveltu. Skortur á starfsmönnum hefur erfiðað (eða komið í veg fyrir) ýmist starf innan leikskólans og gripið hefur verið til faliðunaráætlunar. Augljóst er að þegar skortur verður á starfsmönnum færist aukin vinna yfir aðra starfsmenn, sem getur skapað vítahring. Mikilvægt er að vinna markvisst að því að þessi staða komi ekki upp aftur á komandi skólaárum.

Fram kemur í umbótaáætlun að stefnt sé að því að auka nálægð og samskipti stjórnenda og foreldra. Það teljum við til bóta, sérstaklega í ljósi mikillar starfsmannaveltu. Betri kynning á nýjum starfsmönnum myndi auðvelda samskipti þeirra og foreldra. Nýta mætti heimasíðu Sæborgar til þess, en hún hefur verið óvirk í lengri tíma. Þar með glatast mikilvægt töl til að upplýsa foreldra um starfið innan veggja skólans. Við viljum eindregið hvetja til þess að síðan verði virkjuð sem fyrst.

Verkefni skólaársins hafa verið fjölbreytt og spennandi. Listasmiðjan veitir krökkunum mikla ánægju og skapandi tækifæri til lærdóms. Vonandi verður hún nýtt sem mest á komandi ári. Mörg önnur skemmtileg verkefni hafa verið í gangi á Sæborg og má þar t.d. nefna jökla-verkefnið. Aftur á móti finnst okkur synd að matarsóunarverkefni fékk ekki betri gaum en raun bar vitni og viljum við hvetja til endurupptöku á því.

Á aðalfundi foreldrafélagsins var Lausnarhringurinn kynntur foreldrum og erum við sammála um að hann muni gagnast börnum okkar, kennurum og foreldrum vel og hlökkum við til að vinna með hann.

Við viljum þakka ánægjulegt samstarf á skólaárinu. Vonandi er Covid á síðasta snúning og að skapandi starf Sæborgar komi tvíeft til leiks á ný.

F.h. foreldraráðs

Anna Guðrún Ragnarsdóttir

Elín Þórisdóttir

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 S		1 M		1 F		1 M	Foreldrasamtöl	1 M	Fúlveldisdagurinn Skapandi jólastund	1 L	Nýársdagur	1 Þ		1 Þ		1 F		1 S	Verkalýðsdagurinn	1 M	
2 M	Friðagur verslunarmanna	2 F		2 L		2 Þ	"	2 F	Skapandi jólastund	2 S		2 M		2 M		2 L		2 M	Foreldrasamtöl	2 F	
3 Þ		3 F		3 S		3 M	"	3 F	"	3 M	Starfs/Skipulagsdagur	3 F		3 F		3 S		3 Þ	"	3 F	
4 M		4 L		4 M		4 F	"	4 L		4 Þ		4 F		4 F		4 M		4 M	"	4 L	
5 F		5 S		5 Þ		5 F	"	5 S		5 M		5 L		5 L		5 Þ		5 F	"	5 S	Hvítasunnudagur
6 F		6 M		6 M		6 L		6 M		6 F	Prettándinn	6 S	Dagur leikskólans	6 S		6 M		6 F	"	6 M	Annar í Hvítasunnu
7 L		7 Þ		7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 M	Starfs/Skipulagsdagur	7 M		7 F		7 L		7 Þ	
8 S		8 M	Dagur læsis	8 F		8 M	Foreldrasamtöl Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 L		8 Þ		8 Þ		8 F		8 S		8 M	
9 M		9 F		9 L		9 Þ	Foreldrasamtöl	9 F		9 S		9 M		9 M		9 L		9 M		9 F	
10 Þ		10 F		10 S		10 M	"	10 F		10 M		10 F		10 F		10 S	Pálmásunnudagur	10 Þ		10 F	
11 M		11 L		11 M		11 F	"	11 L		11 Þ		11 F	Dagur íslenska táknmálsins	11 F		11 M		11 M		11 L	
12 F		12 S		12 Þ		12 F	"	12 S		12 M		12 L		12 L		12 Þ		12 F		12 S	Sjómanna dagurinn
13 F		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 S		13 S		13 M		13 F		13 M	
14 L		14 Þ		14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 M	Bolludagur	14 M	Dagur stærðfræðinnar	14 F	Skírdagur	14 L		14 Þ	
15 S		15 M		15 F		15 M		15 M		15 L		15 Þ	Sprengidagur	15 Þ		15 F	Föstudagurinn langi	15 S		15 M	
16 M		16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar tungu	16 F	Jólaball	16 S		16 M	Öskudagur	16 M		16 L		16 M		16 F	
17 Þ		17 F		17 S		17 M		17 F	Vasalýðsdagur	17 M		17 F		17 F		17 S	Páskadagur	17 Þ		17 F	Lýðveldisdagurinn
18 M		18 L		18 M		18 F		18 L		18 Þ		18 F		18 F		18 M	Annar í páskum	18 M		18 L	
19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 L		19 L		19 Þ		19 F		19 S	
20 F		20 M		20 M		20 L	Dagur mannréttinda barna	20 M		20 F		20 S	Konudagur	20 S		20 M		20 F		20 M	
21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ		21 F	Bóndadagur/Karólakaffi	21 M	Konukaffi	21 M		21 F	Sumardagurinn fyrsti	21 L		21 Þ	
22 S		22 M		22 F	Starfs/Skipulagsdagur	22 M		22 M		22 L		22 Þ		22 Þ		22 F		22 S		22 M	
23 M	Starfs/Skipulagsdagur	23 F		23 L	Fyrsti vetrardagur	23 Þ		23 F	Þorláksmessa	23 S		23 M		23 M		23 L		23 M		23 F	
24 Þ		24 F		24 S		24 M		24 F	Aðfangadagur jóla	24 M		24 F		24 F		24 S		24 Þ		24 F	
25 M		25 L		25 M		25 F		25 L	Jóladagur	25 Þ		25 F		25 F		25 M	Foreldrasamtöl	25 M	Starfs/Skipulagsdagur	25 L	
26 F		26 S	Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ		26 F		26 S	Annar í jölum	26 M		26 L		26 L		26 Þ	"	26 F	Uppstigningardagur	26 S	
27 F		27 M		27 M	Bangsadagur	27 L		27 M		27 F		27 S		27 S		27 M	"	27 F	Starfs/Skipulagsdagur	27 M	
28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ		28 F		28 M		28 M		28 F	"	28 L		28 Þ	
29 S		29 M		29 F		29 M	Skapandi jólastund	29 M		29 L				29 Þ		29 F	"	29 S		29 M	
30 M		30 F		30 L		30 Þ	"	30 F		30 S				30 M		30 L		30 M		30 F	
31 Þ				31 S				31 F	Gamlársdagur	31 M				31 F				31 Þ			

Áætlaður sumarleyfistími 2022 verður 5.júlí -3.ágúst. Báðir dagar meðtaldir.

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.